



SAGA TRAILS IN ICELAND

Sögueyjan Ísland



Áfangaskýrsla

(lokaskýrsla)

Október 2009

UM VERKEFNIÐ

Samtök um sögutengda ferðaþjónustu fengu úthlutað fimm milljón króna styrk í sérstakt markaðsátask fyrir árið 2009. Í umsókn til Ferðamálastofu var verkefinu lýst þannig:

1. Undirbúa og framkvæma þrjár fjögurra daga blaðamannaferðir í samvinnu við ferðaskrifstofuna Ísafold, Félaga ferðaþjónustu bænda (FB), Icelandair og Iceland Express á tímabilinu 20. ágúst - 10. september 2009. Ferðirnar verða jafnframt tengdar matarmenningu Íslendinga (Í anda: "Matur - saga - menning" og "Beint frá býli") og þess mun sjá stað í þeim veitingum sem boðið verður upp á í ferðunum.
2. Taka þátt í og kynna Söguslóðaferðir á Íslandi (Saga Trails in Iceland) fyrir árið 2010 á sérstökum bás á Vestnorden í Kaupmannahöfn í september 2009.
3. Kynna Söguslóðaferðir á Íslandi (Saga Trails in Iceland) fyrir árið 2010 á öðrum ferðakynningum og meðal valdra skóla og menntastofnana í áðurnefndum markaðssvæðum haustið 2009 (sept.-nóv), "School conferences ..."etc
4. vinna vandað kynningarefni um Söguslóðaferðir á Íslandi (Saga Trails in Iceland).

Óhætt er að segja að mikil vinna hafi farið í þetta verkefni sem vonandi skilar sér í framtíðinni í fjölgun ferðamanna til landsins með sérstakan áhuga á sögunni. Jafnframt var það von SSF að með þessum móti mætti takast að treysta rekstrargrundvöll þeirra fjölmörgu aðila sem koma að samtökunum því að fjölgun ferðamanna eykur tekjur þeirra.

Um framkvæmd verkefnisins er það að segja að það hefur í alla staði tekist vel og er nú nánast lokið. Eini liðurinn af þeim sem ólokið er af þeim sem taldir eru hér að ofan er sá sem lýtur að kynningu í skólam og menntastofnum á markaðssvæðunum. Ekki er ljóst hvort tekst að fara í þann verkþátt þar sem kostnaður við aðra þætti hefur orðið meiri en reiknað var með.

Hér á eftir er gerð sérstök grein fyrir hverjum þætti fyrir sig en auk þess fylgja þessari skýrslu bráðabirgðauppgjör, viðaukar með upplýsingaefni um ferðirnar, dæmi um umfjöllun blaðamanna, ljósrit af reikningum og útgefnir bæklingar.

Þar sem sumum verkþáttum er aðeins nýlega lokið eða þeir jafnvel í frekari vinnslu, s.s. heimasíðan, er ekki hægt að skila endanlegu uppgjöri en vonandi nægir þessi skýrsla til að varpa ljósi á framkvæmd verkefnisins og hvernig til hefur tekist.

*Skúli Björn Gunnarsson gjaldkeri
f.h. Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu*

BLAÐAMANNAFERÐIR

Á tímabilinu 26. ágúst til 13. september voru farnar þrjár ferðir með valda ferðablaðamenn um söguslóðahringi. Ferðirnar voru mismunandi en teygðu sig um Vesturland, Norðurland, Suðurland og Suðurnes auk Reykjavíkur. (Sjá nánar í ferðalýsingum og dagskrá í viðauka). Þrjú markaðssvæði voru tekin fyrir vegna sérstaks áhuga á sögu Íslands sem kemur fram í ferðamannakönnunum að sé meðal Norðurlandabúa, Bretta og Þjóðverja. Ferðirnar voru skipulagðar í góðri samvinnu margra aðila. Stórir aðilar eins og Icelandair, IcelandExpress, Ferðaþjónusta bænda, Ferðaskrifstofan Ísafold og Ferðamálastofa komu að verkefninu með margvíslegum hætti. Einstakir ferðaþjónustuaðilar, jafnt þeir sem eru innan végbanda SSF sem og aðrir, lögðu síðan sitt af mörkum með frábærum móttökum og skipulagningu auk þess sem nær allir lögðu til afslátt eða mótfamlög í formi leiðsagnar, veitinga og annars. Í bráðabirgðauppgjöfir fyrir verkefnið eru þessir aðilar listaðir upp og framlög hvers og eins tilgreind.

Ferðirnar tókust afar vel. Heildarskipulagið var í höndum Rögnvaldar Guðmundssonar verkefnisstjóra en honum til halds og trausts voru Helmut Lugmayer leiðsögumaður og starfsmaður TerraNova og Jón Baldur hjá Ferðaskrifstofunni Ísafold. Helmut og Jón Baldur voru leiðsögumenn með þýska og breska hópnum en Hermann Bjarnason leiðsögumaður fór með Norðurlandabúana.

Ferðirnar voru ekki einvörðungu tengdar sögunni og menningararfleifðinni heldur var matarmenningu Íslendinga (Í anda: "Matur - saga - menning" og "Beint frá býli") einnig gefinn sérstakur gaumur.



Blaðamenn fengu að bragða ekta hverabrauð hjá Geysi í Haukadal.

Lögð var áhersla á fjölbreytni og fagmennsku en yfirferðin var þó mun meiri en ætlunin er að verði í ferðunum sjálfum í framtíðinni. Upp á framtíðarkynningu var sérstakur ljósmyndari, Frank Bradford, hafður með í för og munu myndir hans nýtast bæði einstökum aðilum og inn í þær umfjallanir sem birtast munu eftir ferðirnar.

Í viðauka hér á eftir eru dæmi um þá umfjöllun sem þegar hefur birst eftir ferðirnar.

Blaðamenn frá Bretlandi (26.-30. ágúst)

Breskir blaðamenn voru valdir úr stórum hópi áhugasamra en 46 sóttu um að komast í ferðina. Það var ráðgjafarfyrirtækið Saltman Partnership Ltd sem hafði milli göngu um að kynna ferðina í Bretlandi og aðstoðaði við val á blaðamönnum í samvinnu við Ferðamálastofu.

<i>David Andrew Leask</i>	Scotland on Sunday (57.000 lesendur)
<i>John Simon Fowler</i>	Ancestors (40.000 lesendur)
<i>Richard Jackson</i>	Birmingham Mail (70.000 lesendur)
<i>Beverley Anne Byrne</i>	The Lady (35.000 lesendur)
<i>Matthew William A, Sparkes</i>	Eastern Daily Press (65.000 lesendur)
<i>Anthea Susan Gerrie</i> lesendur)	Sky Travel/The Jewish Chronicle (2.100.000
<i>Laura Jane Holt</i>	Travelbite.co.uk (110.000 gestir á mánuði)



Kjartan Ragnarsson að aðstoða blaðakonu við að setja á sig leiðsagnartækið í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Blaðamenn frá Norðurlöndum (2.-6. september)

Rögnvaldur Guðmundsson sá um að velja Norðalandabúana með aðstoð Ferðamálastofu.

<i>Søren Peter Firgaard</i>	(Kristeligt Dagblad) Danmörku
<i>Ulrik Høy</i>	(Weekendavisen) Danmörku
<i>Göran Rydell</i>	(bulletin.se) Svíþjóð
<i>Paulina Bylén</i>	(Stand By) Svíþjóð
<i>Hans Erik Hansen</i>	(Motorføreren) Noregi

Blaðamenn frá Þýskalandi (9.-13. september)

Arthúr Björgvin Bollason, leiðsögumaður og starfsmaður Icelandair í Þýskalandi, sá um að velja blaðamenn frá Þýskalandi í samvinnu við Helmut Lugmayer leiðsögumann.

Angela Gutzeit

Gisa Funck

Wiebke Porombka

Thomas Krause

Martin Amanshauser

WDR3

Der Tagesspiegel o.fl.


Die Zeit o.fl.

BZ News aus Berlin o.fl.

Logbuch Welt o.fl.



Víkingaklæðin voru prófuð á Eiríksstöðum.



Á Fjörukránni gengust menn síðan undir inntöku í víkingasamfélagið.

VESTNORDEN

Vegna þessa markaðsverkefnis voru SSF með bás á Vestnorden Travel Mart í Kaupmannahöfn dagana 16.-17. september 2009. Á honum voru Rögnvaldur Guðmundsson og Helmut Lugmayer fyrir hönd verkefnis. Viðbrögð voru góð, mörg bókuð viðtöl og allir sem rætt var við tóku vel í þessa ferðahugmynd.



Rögnvaldur og Helmut önnur kafnir á Vestnorden.

Fyrirtæki og viðmælendur á Vestnorden 2009

DINrejse.com - Islandske opplevelser, Hellerup, Denmark

Herdís Pálsdóttir Havnø

Nordic Adventure - Greenland Travel, Copenhagen, Denmark

Karin Jensen, production manager.

Atlantic Airways, Faroe Islands

Maria á Lofti, Sales and Marketing Executive

Islandia Travel, Oslo, Norway

Erla F. Birkisdóttir, office manager.

Icelandair Finland, Helsinki

Pekka Mäkinen, Regional Director Finland, Russia, Ukraine and the Baltic States

Island Erlebnisreise, Wedel, Germany

Hanna Brümmel,

Islandia - resor, Stockholm, Sweden

Eva Sigríður Jónsdóttir, Travel Consultant,

Islandsresor & Atlantöar, Stockholm, Sweden

Dísa Jóhannsdóttir,

Discover the World, Banstead, UK

Clive Stacey, Managing Director & Co-founder.

Valhalla Travel & Tours, Toronto, Ontario, Canada

Jens Sondrup, President.

Iceland Explorer, Göteborg, Sweden

Susanne Sävenholt, Office Manager,

Iceland Saga Travel, Nantucket, USA

Robert Dean Felch, President,

AlpinSchule Innsbruck, Innsbruck, Austria

Matthias Leuze, Leitung Reisebürovertrieb

ICE-Travel, (Incentives- Conferences & Events) Kolding, Denmark

Arngrímur Baldursson Adm. Director, Dögg Káradóttir, Travel Advisor,

Björn Eydal Þórðarson, Sales Manager,

Beluga Expeditions & Adventures, Pernis, Holland

Jonneke van Eijsden,

Kultur Literatur Reisen, Germany

Sabine Barth, journalist,

Embassy of Iceland, Copenhagen, Denmark

Selma Grétarsdóttir, Trade Representative,

AG Traveltrend, Bern, Switzerland

Viktoria de Graaf,

Island Pro Travel, Sviss

Aðalsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri.



Áhuginn var mikill hjá þeim sem komu að máli við Rögnvald og Helmut eins og sjá má.

BÆKLINGAR

SSF hafa á undanförnum árum gefið út bæklinga til að kynna sögustaði fyrir ferðamönnum. Út af þessu verkefni var lögð sérstök áhersla á útgáfuna í ár. Auk íslenskra bæklinga voru gefnir út bæklingar á þýsku, ensku og norsku til samræmis við þá áherslu sem lögð var á þessi þrjú málsvæði í verkefnu. Í bæklingunum kynna sig 26 aðilar víðsvegar um landið og sérstök þjónustutákn gefa til kynna hvað í boði er á hverjum stað. Til gamans var auk þess í ár efnt til lítils getraunaleiks í bæklingunum til að hvetja fólk til að heimsækja fleiri staði.

Bæklingar þessir verða í dreifingu fram á næsta ár þegar nýir koma út. Þeir eru því helsta upplýsinga- og kynningarefnið sem ferðaheildsalar hafa í höndunum fyrir ferðamenn sem munu bóka sig í söguslóðaferðir í veturn.

Útgáfukostnaður vegna bæklinganna nam um 2,5 m.kr. í ár en þar sem hluti kostnaðarins liggur í sameiginlegri hönnun og íslensku bæklingnunum er sá kostnaður ekki tekinn að fullu inn í uppgjörið fyrir verkefnið.



Frá Landnámssýningunni í Aðalstræti.

HEIMASÍÐA

Heimasíða SSF, www.sagatrail.is eða www.soguslodir.is, var flutt yfir í nýtt gagnagrunnskerfi vegna verkefnisins. Hún er nú aðgengileg á þremur tungumálum og er unnið að því að koma norska hlutanum inn líka. Á heimasíðunni eru aðgengilegar upplýsingar um alla sögustaðina og þar verða einnig upplýsingar um ferðir eða ferðaskrifstofur sem bjóða upp á söguslóðaferðir. Viðburðadagatal og fréttatilkynningar ásamt póstlista er komið inn. Ekki er búið að virkja alla hluta heimasíðunnar en ætlunin er að í framtíðinni verði hún eitt aðalmarkaðstæki sögutengdrar ferðapjónustu á Íslandi, allsherjar upplýsingabrunnur fyrir ferðamenn sem hafa áhuga á sögu Íslands.

The screenshot shows the homepage of the Iceland Saga Trail Association. At the top, there is a red header bar with the association's logo (a circular emblem) and the text "ICELAND SAGA TRAIL ASSOCIATION". Below the header is a navigation menu with links: Home (highlighted in red), About ISTA, Sagatrails, Saga Trips, Seminars, Contact us, Links, and Innri vefur. To the right of the menu are small flags of Iceland and Germany. The main content area features a large image of a cliff covered in birds, labeled "Ingólfshöfði". Below this image is a section titled "Samtök um sögutengda ferðapjónustu" (Samtök um sögutengda ferðapjónustu). This section includes a "Saga Trails Quiz 2009" logo and a "10% discount and prize draw!" message. A small text box states: "If you visit ONE MEMBER of Saga Trails of Iceland, and give the right answer to the relevant question, you will get a STAMP on the map of Iceland in your booklet." To the right of the main content are two sidebar boxes: "Quiz" (with a red ballot box image) and "Póstlisti" (with a calendar for October 2009).

BRÁÐABIRGÐAUPPGJÖR 15. OKTÓBER 2009**GJÖLD**

fullt verð skv. sundurliðun	11.131.288	kr.
Gjöld alls	11.131.288	kr.

TEKJUR

styrkur Ferðamálastofu	5.000.000	kr.
afsláttur og mótfamlög einstakra aðila	4.362.048	kr.
framlag SSF	1.769.240	kr.
Tekjur alls	11.131.288	kr.

Rekstrarniðurstaða verkefnis	0	kr.
-------------------------------------	----------	-----

Sundurliðun fyrir verkefnið Sögueyjan Ísland

Útgjaldaliðir	Fullt verð m vsk	Afsláttur- Mótframlag	Greitt
Víkingaheimar - aðgangseyrir	36.000	36.000	0
Víkingaheimar - veitingar	31.200	31.200	0
Landnámssetrið Borgarnesi - aðgangur	38.400	38.400	0
Landnámssetrið Borgarnesi - veitingar	192.000	96.000	96.000
Hótel Reykholt	594.000	297.000	297.000
Snorrastofa - aðgangseyrir	13.200	13.200	0
Snorrastofa - leiðsögn	30.000	30.000	0
Eiríksstaðir - aðgangseyrir	16.000	16.000	0
Eiríksstaðir - undirbúnингur og leiðsögn	48.000	48.000	0
Eiríksstaðir - veitingar	44.000	44.000	0
Laugarbakki - leiðsögn og móttaka	45.000	45.000	0
Laugarbakki - veitingar	20.000	20.000	0
Þingeyrar - leiðsögn	30.000	30.000	0
Þingeyrar - veitingar	33.000	33.000	0
Hof - veitingar	60.000	60.000	0
Hof - gisting	70.000	70.000	0
Gistiheimliði Mikilgarður	129.600	26.000	103.600
Hótel Tindastóll	31.600	9.600	22.000
Kaffi Krókur	130.000	30.000	100.000
Glaumbær - aðgangseyrir	12.000	12.000	0
Glaumbær - veitingar	50.000	12.700	37.300
Víðimýri - leiðsögn og söngur	60.000	60.000	0
Hveravellir - kaffi - aðgangur	20.000	20.000	0
Hótel Gullfoss - gisting	126.000	52.000	74.000
Hótel Geysir - veitingar	100.000	20.550	79.450
Hótel Gullfoss - veitingar	60.000	15.000	45.000

Hótel Geysir - gisting	85.200	21.300	63.900
Hótel Geysir - hverabauð, egg, sýning	30.000	30.000	0
Gistiheimilið Geysir	28.800	0	28.800
Bændagisting Efsta-Dal giting	106.635	37.323	69.312
Gínumenn - sýna glímu	60.000	60.000	0
Hestasýning - Friðheimum	30.000	30.000	0
Skálholt - leiðsögn	30.000	30.000	0
Skálholt - veitingar	90.000	90.000	0
Þingvellir - leiðsögn	30.000	30.000	0
Þjóðmenningarhúsið - aðgangur	6.000	6.000	0
Þjóðmenningarhúsið - leiðsögn	36.000	36.000	0
Landnámssýningin 871 +/- - aðgangur	13.000	13.000	0
Landnámssýningin 871 +/- - leiðsögn	30.000	30.000	0
Sögusafnið Perlunni - aðgangur	33.000	33.000	0
Perlan - veitingar	27.261	2.726	24.535
Fjörukráin - gisting	238.130	71.439	166.691
Fjörukráin - veitingar	225.160	112.580	112.580
Flugrútan	38.000	19.000	19.000
Ökuleiðsögn Hermann	207.180	0	207.180
Ökuleiðsögn Jón Baldur	160.000	160.000	0
Bílar Ísafoldtravel	720.000	120.000	600.000
Vinna Rögnvaldur (júní-sept)	1.347.084	538.834	808.250
Ýmis útlagður kostn. Rögnvaldur	203.351	0	203.351
Vinna og leiðsögn Helmut	282.000	84.860	197.140
Flugleiðir fargjöld	765.000	318.051	446.949
Arthúr Björgvin vinna	60.000	60.000	0
Vestnorden - þátttaka	210.000	0	210.000
Vestnorden - gisting	89.482	0	89.482
Vestnorden - flug	81.685	0	81.685
Vestnorden - banner ofl	253.638	0	253.638
Minjagripir og möppur	88.682	0	88.682
Þýðingar, ljósmyndun og annað	206.000	0	206.000
Vinna við heimasíðu	800.000	183.723	616.277
Bæklingaútgáfa SSF	2.500.000	1.078.562	1.421.438
ALLS	11.131.288	4.362.048	6.769.240